



Í leit að misgengi í Melas Chasma

ESP_034883_1645



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
U.AHIRISE.ORG



Á myndinni eru raunar þrjú misgengi. Myndanirnar tvær sem minna á skurði eru sigdalir en þeir verða til þegar tognun verður á yfirborðinu svo það hrynur. Þriðja misgengið er hlykkjótti hryggurinn sem skerst í gegnum báða sigdalina. Þessi gerð er stundum kölluð „krumphryggur“ en þeir verða til þegar yfirborðsberg þrýstir á annað yfirborðsberg svo það leggst saman og þrýstist ofan á hitt. Á svæðinu hefur því bæði orðið tognun í norður-suðurátt og samþjöppun í austur-vesturátt.